



**Ársskýrsla
Heilsugæslunnar í Reykjavík
fyrir árið 2002**

Efnisyfirlit

<i>Formáli forstjóra</i>	3
<i>Stjórnskipulag Heilsugæslunnar</i>	5
<i>Stjórnsýsla</i>	6
Skrifstofusvið	6
Starfsmannasvið	6
Rekstrarsvið	7
Upplýsingatæknisvið	7
<i>Heilsuverndarstöð Reykjavíkur</i>	8
Miðstöð heilsuverndar barna	9
Miðstöð mæðraverndar	12
Skólatannlækningar - Miðstöð tannverndar	13
Lungna- og berklavarnadeild	14
Deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna	15
Rannsóknarstofa	16
<i>Rekstraryfirlit Heilsuverndarstöðvar og stjórnsýslu</i>	17
<i>Miðstöð heimahjúkrunar</i>	18
<i>Heilsugæslan Árbæ</i>	20
<i>Heilsugæslan Efra-Breiðholti</i>	22
<i>Heilsugæslan Efstaleiti</i>	24
<i>Heilsugæslan Grafarvogi</i>	26
<i>Heilsugæslan Hlíðum</i>	28
<i>Heilsugæslan Miðbæ</i>	30
<i>Heilsugæslan Mjódd</i>	32
<i>Heilsugæslan Kópavogi</i>	34
<i>Heilsugæsla Mosfellsumdæmis</i>	36
<i>Heilsugæslan Seltjarnarnesi</i>	38
<i>Heilsugæslan Lágmúla</i>	40

Formáli forstjóra

Árið 2002 var viðburðaríkt hjá Heilsugæslunni. Stærstu áfangarnir voru ef til vill opnun Miðstöðvar Heimahjúkrunar og nýrrar heilsugæslustöðvar í Grafarvogi en frá því er nánar sagt annars staðar í þessari skýrslu.

Þann 1. janúar 2002 voru tíundarsjóðir Heilsugæslunnar lagðir niður, en hver sjóður samanstóð af 10% komugjalda hvernar heilsugæslustöðvar og var ætlaður til að styrkja þróunarstarf, fræðslustarfsemi og viðhaldsmenntun starfsmanna. Sjóðirnir voru stofnaðir 1992, samkvæmt ákvörðun Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Hinn 1. júlí tóku gildi lög þar sem embætti héraðslækna voru lögð niður. Með lagabreytingunni voru flest verkefni þeirra færð inn í heilsugæsluna. Héraðslæknirinn í Reykjavík nefndist Borgarlæknir allt fram til 1990 er embættið færðist undir ríkið eftir lagabreytingu. Borgarlæknir hafði verið í Reykjavík frá 1948 og var hann lengst af til húsa á Heilsuverndarstöðinni. Embættið hefur því lengi haft sterk tengsl við heilsugæsluna. Héraðslæknirinn í Reykjavík gengdi margvíslegum verkefnum en velflest verkefni voru færð inn í Heilsugæsluna og sinnir lækningaforstjóri meirihluta þeirra. Til dæmis heldur nú skrifstofa lækningaforstjóra úti sólarhringsvakt vegna mannláta utan sjúkrahúsa eins og héraðslæknisembættið gerði áður.

Nú er farið að bjóða upp á þjónustuna Heilsuvernd aldraðra á heilsugæslustöðvunum. Í kjölfar þess að heimahjúkrun er ekki lengur á stöðvunum er mikilvægt að góð tengsl og skýrar boðleiðir séu á milli heilsugæslustöðvanna og Miðstöðvar Heimahjúkrunar og að tryggt sé að eldri borgarar fái góða þjónustu á sinni heilsugæslustöð. Á hverri stöð er einn hjúkrunarfræðingur ábyrgur fyrir þjónustunni og er hjúkrunarfræðingurinn tengiliður við Miðstöð heimahjúkrunar og sinnir opinni móttöku, símatímum og vitjunum eftir því sem ákveðið er á hverri stöð. Helstu verkefni hjúkrunarfræðinga við Heilsuvernd aldraðra eru ráðgjöf, skimun og bólusetning. Þessi þjónusta er sérstaklega vel mótuð hjá Heilsugæslunni Hlíðum.

Umfangsmikilli bólusetningarherferð gegn heilahimnubólgu týpu C meðal barna og unglunga á aldrinum 18 ára og yngri var hrint í framkæmd haustið 2002 í skólum og leikskólum á svæðinu. Hjúkrunarfræðingar Heilsugæslunnar stóðu sig frábærlega vel og sinntu þessu aukaverkefni af mikilli röggsemi.

Guðmundur Einarsson forstjóri

Stjórnskipulag Heilsugæslunnar

Stjórn Heilsugæslunnar

(skipuð frá 1. júlí 1998 til fjögurra ára)

Valdimar K. Jónsson, formaður (skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, án tilnefningar)

Kolbeinn Ó. Proppé (tilnefndur af meirihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur)

Pórarinn Einarsson (tilnefndur af meirihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur)

Ólafur F. Magnússon (tilnefndur af minnihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur)

Sigurbjörn Sveinsson (tilnefndur af starfsmönnum)

Ný stjórn Heilsugæslunnar

(fyrsti fundur 15. október 2002)

Valdimar K. Jónsson, formaður (skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, án tilnefningar)

Jóna Hrönn Bolladóttir (tilnefnd af meirihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur)

Sigríður Stefánsdóttir (tilnefnd af meirihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur)

Alda Sigurðardóttir (tilnefnd af minnihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur)

Gunnar Ingi Gunnarsson (tilnefndur af starfsmönnum)

Framkvæmdastjórn Heilsugæslunnar

Guðmundur Einarsson, forstjóri

Helgi S. Guðmundsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Jóna Lára Pétursdóttir, framkvæmdastjóri skrifstofusviðs

Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs

Jónas Guðmundsson, fjármálastjóri (frá október 2002)

Lúðvík Ólafsson, lækningaforstjóri Heilsugæslunnar

Pórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilsugæslunnar

Fundi stjórnar Heilsugæslunnar sitja auk stjórnarmanna, framkvæmdastjórn og áheyrnarfulltrúar yfirlækna og hjúkrunarforstjóra heilsugæslustöðva innan Heilsugæslunnar.

Skipulag

Heilsugæslan nær yfir 7 heilsugæslustöðvar, í Árbæ, Grafarvogi, Efra-Breiðholti, Mjódd, Efstaleiti, Hlíðasvæði og Miðbæ, Miðstöð heimahjúkrunar og Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Ennfremur sér Heilsugæslan um rekstur Heilsugæslu Mosfellsumdæmis, Heilsugæslunnar Seltjarnarnesi og Heilsugæslunnar Kópavogi. Heilsugæslan í Lágmúla 4, sem er einkarekin, er starfrækt samkvæmt sérstökum samningi við Heilsugæsluna.

Heilsugæslan starfar samkvæmt Lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum.

Stjórnsýsla

Stjórnsýslan skiptist í rekstrarsvið, starfsmannasvið, skrifstofusvið og upplýsingatæknisvið. Innan stjórnsýslunnar starfa einnig lækningaforstjóri, hjúkrunarforstjóri og fjármálastjóri.

Stjórnsýsla Heilsugæslunnar er til húsa í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Barónsstíg 47, 101 Reykjavík.

Skrifstofusvið

Framkvæmdastjóri skrifstofusviðs: Jóna Lára Pétursdóttir.

Um sviðið: Meginverkefni skrifstofusviðs eru bókhald, fjársýsla, rekstraráætlanir og uppgjör. Einng almennt skrifstofuhald stjórnsýslunnar, skjalavarsla og símavarsla á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, greiðslur til skólatannlækna og innheimta skólatannlækninga. Ennfremur heyra mötuneyti Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og bókasafn Heilsugæslunnar undir skrifstofusvið.

Helstu tíðindi árið 2002: Á árinu var ákveðið að taka upp notkun innkaupakorta ríkisins. Í október var gefin út skrá yfir allan tölvubúnað, bæði á rekstrarleigu og í eigu Heilsugæslunnar. Í desember var framkvæmd birgðatalning á öllum stöðvum Heilsugæslunnar í fyrsta sinn á samræmdan hátt.

Í kjölfar þess að skólatannlækningar voru lagðar niður í lok árs 2002 féllu greiðslur til skólatannlækna niður en innheimtu lauk ekki að fullu á árinu.

Þegar staða fjármálastjóra Heilsugæslunnar var stofnuð síðla árs fluttist gerð rekstraráætlana frá skrifstofusviði.

Starfsmannasvið

Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs: Grétar Guðmundsson.

Um sviðið: Meginhlutverk starfsmannasvið Heilsugæslunnar er afgreiðsla launa, stefnumótun, skipulagning og samhæfing starfsmannamála. Helstu verkefni eru launaafgreiðslur, launaáætlanir, ráðningar, starfsmannaáætlanir, ráðgjöf til starfsmanna sem og stjórnenda, túlkun kjarasamninga, gerð stofnanasamninga, samskipti við stéttarfélög og fræðslumál.

Helstu tíðindi árið 2002: Staða fræðslustjóra varð til innan sviðsins. Margrét Magnúsdóttir, þáverandi fræðslustjóri hjúkrunarsviðs var ráðin í stöðuna.

Undirbúningur hafinn að gerð starfslýsinga, innleiðingu auðkenniskorta og innleiðingu viðverukerfis fyrir starfsmenn Heilsugæslunnar. Einnig hófst vinna við gerð starfsmannahandbókar.

Stór hluti af stöðugildi starfsmanns starfsmannasviðs fór í stefnumótunarvinnuna “Heilsugæsla til framtíðar” eins og undanfarin tvö ár.

Rekstrarsvið

Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs: Helgi S. Guðmundsson

Um sviðið: Meginverkefni rekstrarsviðs eru innkaup á tækjum, búnaði og öðrum rekstrarvörum, útboð verkbátta og meiri háttar innkaupa, auglýsinga- og markaðsmál, byggingamál, póst- og boðsendingar stofnana, viðhald og ræsting eigna og eignaumsýsla.

Helstu tíðindi árið 2002: Í febrúar var tekið á leigu húsnæði fyrir Miðstöð Heimahjúkrunar að Grensásvegi 8. Húsnæðið var leigt til skamms tíma. Nokkrar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu og tæki og húsbúnaður keyptur.

Upplýsingatæknisvið

Forstöðumaður upplýsingatæknisviðs: Georg Karonina

Um sviðið: Upplýsingatæknisvið annast innkaup, uppsetningu og viðhald vél- og hugbúnaðar á neti Heilsugæslunnar og hefur umsjón með gagnagrunnum. Sviðið annast tölvukennslu og þjónustu við starfsmenn og þróar upplýsingatækni Heilsugæslunnar í takt við þarfir notenda og tækniþróun.

Helstu tíðindi árið 2002: Allar starfsstöðvar Heilsugæslunnar voru tengdar miðlægu kerfi. Ráðinn var þjónustustjóri sjúkraskrárkerfisins Sögu. Tölvubúnaður var uppsettur og tengdur í í nýrri Miðstöð heimahjúkrunar og nýrri heilsugæslustöð í Grafarvogi.

Ársverk 2002

Stjórnarsýsla.....	20.31
Lækningaforstjóri.....	1.00
Bókasafn	1.00
Mötuneyti.....	2.20
Almennur rekstur	1.63
Umsjónarmenn.....	5.43
Upplýsingatæknisvið.....	3.46
Námsstöður lækna.....	2.90
Ársverk alls.....	37.93

Heilsuverndarstöð Reykjavíkur

Á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur er fjölbreytt starfsemi á vegum Heilsugæslunnar. Þar eru eftirtaldar miðstöðvar og deildir, auk stjórnarsýslu Heilsugæslunnar.

Miðstöð heilsuverndar barna
Miðstöð mæðraverndar
Skólatannlækningar
Lungna- og berklavarnadeild
Deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna
Rannsóknarstofa

Til húsa á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur eru einnig eftirtaldir aðilar sem eru ekki innan heilsugæslunnar:

Árvekni, átaksverkefni um slysavarnir barna og unglunga
Áfengis- og vímuvarnaráð
Ísland án eiturlyfja (verkefninu lauk formlega 1. mars)
Fjölskyldumiðstöðin
Manneldisráð Íslands
Trúnaðarlæknir Reykjavíkurborgar, Helgi Guðbergsson

Miðstöð heilsuverndar barna

Um deildina

Yfirlæknir: Geir Gunnlaugsson

Hjúkrunarforstjóri: Bergljót Líndal (frá 1/1)

Um starfsemina: Starfsemin skiptist í tvo hluta, þ.e. hefðbundna ung- og smábarnavernd með viðeigandi fræðslu og starfsemi greiningarteymis sem vinnur með börn þegar grunur vaknar um þroskafrávik.

Þjónustuvæði: Árið 2002 bar miðstöðin ábyrgð á þjónustu ung- og smábarnaverndar fyrir fjölskyldur á eftirfarandi svæðum:

- Voga- og Heimahverfi, þar sem heilsugæslustöð hefur ekki enn tekið til starfa
- Svæði Heilsugæslunnar Efstaleiti, svæði Heilsugæslunnar Hlíðum norðan Miklubrautar og svæði Heilsugæslunnar Miðbæ fyrir fjölskyldur sem hafa ekki heimilislækni á þessum heilsugæslustöðvum. Heilsugæslan Miðbæ tók við öllum nýjum fæðingum á sínu svæði frá og með 1. október og mun framvegis annast alla þjónustu ung- og smábarnaverndar fyrir fjölskyldur á sínu svæði.

Heilsugæsla í skólum

Skólar: Langholtsskóli og Vogaskóli, þar sem heilsugæslustöð vantar í Voga- og Heimahverfi

Sviðstjóri greiningarteymis: Gyða Haraldsdóttir

Um starfsemina: Þverfaglegt teymi sem í eru barnalæknar, sálfræðingar, iðjuþjálfari, sjúkráþjálfari og félagsráðgjafi. Teymið sinnir frumgreiningu og ráðgjöf vegna þroska- og hegðunarfrávik hjá 0-6 ára börnum sem vísað er til teymisins af fagaðilum.

Þjónustuvæði: Einkum heilsugæslustöðvar í Reykjavík og nágrenni, en einnig aðrir landshlutar eftir nánara samkomulagi.

Helstu tíðindi 2002

Í kjölfar þess að staða hjúkrunarforstjóra Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur var lögð niður í árslok 2001 fluttist heilsugæsla í skólum og miðstöð heilsufarskorta úr grunnskólum og bólusetningakorta eftir 6 ára aldur undir umsjón Miðstöðvar heilsuverndar barna.

Haustráðstefna Miðstöðvar heilsuverndar barna var haldin á Grand Hótel Reykjavík 8. nóvember og fjallaði um *Fyrsta æviárið*. Skráðir þátttakendur voru rúmlega 180 og komu frá öllu landinu. Í sambandi við haustráðstefnuna var boðið upp á vinnusmiðju á Heilsuverndarstöðinni 7. nóvember um EFI-málþroskaskimun.

Starfsfólk MHB hefur á árinu tekið þátt í að endurskoða heilsufarsskrá barna fyrir ung- og smábarnavernd í Sögu v3.1.

Starfsfólk MHB tók þátt í bólusetningarátaki vegna heilahimnubólgu hjúperð C, skipulagt af landlækni. Farið var í skóla og leikskóla auk þess sem boðið var upp á bólusetningu hér á Heilsuverndarstöðinni.

Forvarnasjóður Áfengis- og vímuvarnaráðs styrkti MHB með 450,000 krónum til verkefnisins *Agi til forvarna* (ábyrgðarmaður Gyða Haraldsdóttir) og 500,000 krónur fyrir verkefnið *Heilsuvernd barna og fræðsla um áfengi og vímuefni* (ábyrgðarmaður Geir Gunnlaugsson og meðumsækjendur Ragnheiður Elísdóttir barnalæknir og Sigrún Barkardóttir hjúkrunarfræðingur). Undir nafni verkefnisins *Agi til forvarna* var framkvæmd könnun á fimm heilsugæslustöðvum víða um land meðal tæplega 500 forledra um viðhorf þeirra og reynslu af fræðslu ung- og smábarnaverndar um aga og uppeldi. Einnig var framkvæmd könnun meðal starfsfólks ung- og smábarnaverndar og skólaheilsugæslu á öllu landinu um fræðsluefni í notkun tengt áfengi og vímuefnum.

MHB (Hallveig Finnbogadóttir og Þórunn Júlíusdóttir) voru í samstarfi við Valgerði K. Jónsdóttur, MA nema í félagsvísindadeild, vegna rannsóknarinnar *Heilsufar og heilbrigðisþjónusta innflytjendakvænna frá Asíulöndum*.

Vinnufundur CHILD hóps Evrópusambandsins og evrópska efnahagssvæðisins um heilsubreytur fyrir börn var haldinn hér á landi 20.-22. júní. Í sambandi við hann bauð Miðstöð heilsuverndar barna og Heilsugæslan til opins fundar um heilsu barna með fjórum erlendum gestafyrirlesurum. Fundurinn hvar var haldinn í fundarsal Læknafélags Íslands 19. júní og mættu rúmlega 100 manns.

Sven Bremberg, barnalæknir og ráðgjafi CHILD-hópsins var gestur heildagsfundar um heilsu barna sem MHB stóð fyrir og haldinn var á Heilsuverndarstöðinni 23. ágúst. Um tug einstaklinga sem vinna að heilsuvernd barna hér á landi var boðið að taka þátt í fundinum, m.a. aðilar frá Landlæknisembættinu, Háskóla Íslands, Barnaspítala Hringins, Barnaverndarstofu og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, auk Heilsugæslunnar. Í framhaldi af fundinum var boðað til opins fundar á Heilsuverndarstöðinni þar sem Sven Bremberg hélt erindið *Evidence based health promotion for children and adolescents. The roles of municipalities for child and school health services*. Á fundinn mættu um 60-70 manns.

Lokaskýrsla CHILD vinnuhópsins var lögð fram í lok árs og kynnt viðeigandi íslenskum stjórnvöldum.

Kennsla læknanema var á árinu í höndum Geirs Gunnlaugssonar. Hafa namar komið í fjórum hópum, tveir hópar á vormisseri og tveir á haustmisseri. Kennsla nema í sjúkrahjálfunarskor við HÍ var í umsjón Unnar Guttormsdóttur. Tók hún einnig á móti sjúkrahjálfurum og sjúkrahjálfaranemum sem vilja kynna sér PDMS-2 prófið. Kennsla nema í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri var í umsjón Sigríðar Kr. Gísladóttur, iðjuþjálfar. Var einn nemi í verklegri kennslu á MHB á haustönn. Stundakennsla til sálfræðinema í Cand Psych námi við HÍ var á höndum Gyðu Haraldsdóttur sálfræðings.

Geir Gunnlaugsson hóf á árinu vinnu með samstarfsmönnum (Barnarannsóknir) að rannsókn á heilsu, hegðun og þroski íslenskra barna. Um forkönnun er að ræða til athugunar á notkun nýrra skimunartækja í ung- og smábarnavernd við skoðun 5 ára barna.

MHB (Geir Gunnlaugsson) hóf á árinu samstarf við vísindamenn í London og Boston vegna rannsóknaráætlunar um eingöngu brjóstagiöf og áhrif hennar á heilsu barna. Fyrsti fundur rannsóknarhópsins var í London í júní.

Geir Gunnlaugsson var skipaður af heilbrigðis- og tryggingmálaráðuneytinu fulltrúi í vinnuhóp um heilsu barna og ungmenna á Norðurskautssvæðinu.

Skráð samskipti ársins 2002

Ung- og smábarnavernd

Fæðingartilkygningar.....	316
Vitjanir í ungbarnavernd.....	1.535
Komur í ungbarnavernd.....	4.100

Greiningarteymi

Tilvísanir.....	145
Fjöldi skoðanna.....	381
Mál sem fengu fullnaðarafgreiðslu.....	151

Heilsugæsla í skólum skólaárið 2001-2002

Komur í Langholtsskóla.....	≈1.300
Komur í Vogaskóla.....	754

Ársverk 2002

Læknar.....	4.37
Hjúkrunarfræðingar.....	7.30
Rítarar.....	3.18
Ræstitæknar.....	2.52
Sálfræðingar.....	2.00
Sjúkraþjálfarar.....	2.00
Félagsráðgjafar.....	1.00
Iðjuþjálfar.....	0.60

Ársverk alls..... 25.18

Miðstöð mæðraverndar

Um deildina

Yfirlæknir: Arnar Hauksson

Yfirljósmóðir: Sigríður Sía Jónsdóttir

Þjónustusvæði: Starfar á landsvísu

Starfsemi: Á Miðstöð mæðraverndar starfa saman ljósmæður og læknar sem eru sérfræðingar í kvensjúkdómum og fæðingarfræði. Miðstöðin veitir öllum barnshafandi konum sem þess óska mæðravernd á meðgöngu.

Helstu tíðindi 2002

Auk hefðbundinnar og fyrri starfsemi voru eftirfarandi áhersluþættir nýjir í starfi MM.

- Nýtt efni fyrir foreldrafræðslunámskeið leit dagsins ljós. Nú er það í power point og verður endurskoðað reglulega. Ljósmæður deildarinnar sjá um námskeiðin og eru þau haldin eitt til tvö öll kvöld virkra daga vikunnar nema föstudaga.
- Komum kvenna í ráðgjöf til sérgreinalækna á MM frá heilsugæslunni hefur aukist jafnt og þétt.
- Næringaráðgjafi og félagsráðgjafar Landspítala háskólasjúkrahúss hafa nú hér fastan viðtalstíma, hálfan dag í hverri viku, sem nemur 10% stöðugildi hvor fagstétt. Er þetta samkvæmt samningi LSH og Heilsugæslunnar um MM.
- Ljósmóðir með sérfræðiréttindi sem brjóstagjafaráðgjafi starfaði hér í 20% starfi og barnshafandi konum var boðið upp á viðtöl við hana. Auk þess samdi hún fræðsluefni fyrir Heilsugæsluna um undirbúning brjóstagjafar.
- Skipulagðir fræðslufundir fyrir starfsfólkið voru haldnir á þriðjudögum, einu sinni yfir vetrarmánuðina. Fengir voru sérfræðingar annars staðar frá til að fjalla um ýmis efni.

Skráð samskipti 2002

Heildarsamskipti	14.260
Fyrstu skoðanir.....	1.128
Amennar skoðanir á meðgöngu	13.132
Foreldrafræðslunámskeið	46

Ársverk 2002

Læknar	1.21
Ljósmæður	12.35
Móttökuritarar og aðrir	3.10
Ræstitæknar.....	0.88
Ársverk alls.....	17.54

Skólatannlækningar - Miðstöð tannverndar

Um deildina

Forstöðumaður Miðstöðvar tannverndar: Hólmfríður Guðmundsdóttir (frá 15/4)

Deildarstjóri Skólatannlækninga: Guðrún Hjaltadóttir (til 30/6)

Um starfsemina: Deildin annast tannlæknaþjónustu, flúorskolun og tannfræðslu fyrir grunnskólabörn.

Þjónustusvæði: Reykjavík

Helstu tíðindi 2002

Skólatannlækningar voru lagðar niður haustið 2002. Skólatannlækningar hafa fallið undir Heilsuverndarstöðina allt frá árinu 1957 er heilsugæsla í skólum var sett undir umsjón Heilsuverndarstöðvarinnar. Lengst af voru mikil umsvif hjá skólatannlækningadeild og tannlæknastofur voru starfræktar í flestum skólum og á Heilsuverndarstöðinni. Í upphafi var þjónustan endurgjaldslaus en skólaárið 1992-1993 hófst gjaldtaka. Fyrst 15% en það var aukið í 25% skólaárið 1993-1994. Starfsemin dróst saman síðustu ár og skólaárið 2001-2002 voru aðeins fjórar tannlækningastofu starfræktar og starfsemin að mestu leyti fræðsla og flúorskolun. Sifellt færri börn nýttu sér þjónustuna og skólarnir óskuð eftir því rými sem notað var undir tannlækningar í kennslu vegna einsetningar grunnskólans.

Flúorskolun verður hins vegar áfram mikilvægur þáttur tannverndar innan grunnskóla landsins. Framkvæmdin er á ábyrgð heilsugæslunnar og þremur árgöngum (6, 12 og 15 ára) er boðið upp á flúorskolun tanna, hálfsmánaðarlega auk þess sem heilbrigðisstarfsfólk beitir sér fyrir fræðslu um mikilvægi tannverndar, hollar neysluvenjur, tannhirðu og gangsemi flúors.

Stefán Finnbogason var síðasti yfirskólatannlæknirinn en hann lét af störfum vegna aldurs haustið 2001 eftir 25 ára starf. Guðrún Hjaltadóttir sem var deildarstjóri frá 1991, hætti 30. júní 2002.

Á árinu hófst undirbúningur að stofnun Miðstöðvar tannverndar. Hólmfríður Guðmundsdóttir hóf störf í apríl til sjá um það verkefni.

Ársverk 2002

Ársverk alls..... 12.40

Lungna- og berklavarnadeild

Um deildina

Yfirlæknir: Þorsteinn Blöndal

Þjónustusvæði: Starfar á landsvísu

Hlutverk:

1. Berklavarnir og berklaskrá
2. Sinna greiningu og meðferð berklaveikra og hafa þar eftirlit
3. Heilbrigðisskoðun innflytjenda
4. Sinna forvörnum lungnasjúkdóma

Helstu tíðindi 2002

Rannsóknafæri við heilbrigðisskoðun innflytjenda var breytt á árinu og minni áhersla lögð á að greina sjúkdóma í meltingarfærum en áfram lögð áhersla á að greina lifrabólgu, sárásótt og berkla í samvinnu við Sóttvarnalækni. Deildin tók þátt í verkefni Loftfélagsins um aukna notkun lungnamælinga í heilsugæslunni við greiningar lungnasjúkdóma.

Á sviði alþjóðlegrar samvinnu var verkefninu “Nordic Baltic TB Project” haldið áfram undir merkjum “Task Force on Communicative Disease in The Baltic Sea Region.” Þetta er samvinnuverkefni forsætisráðuneyta Norðurlandanna og landanna á Eystrasaltssvæðinu. Var farin eftirlitsferð til Litháen 22-28/9 (Þorsteinn Blöndal og Þuríður Árnadóttir) í samvinnu við embætti Sóttvarndalæknis. Samstarfi við Euro-TB og WHO um uppbyggingu gagnagrunns berkla í Evrópu var einnig haldið áfram.

Skráð samskipti 2002

Fjöldi einstaklinga.....	2.992
Berklaveikir á landinu (virkir berklar).....	8
Berklasmitun (þar á meðal nýsmitaðir).....	62
Innflytjendur	662

Ársverk 2002

Læknar	1.62
Hjúkrunarfræðingar.....	0.09
Sjúkraþjálfarar.....	0.40
Geislafræðingar.....	1.20
Lækna- og móttökuritarar	2.60
Ræstitæknar.....	0.52
Ársverk alls.....	6.43

Deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna

Um deildina

Yfirlæknir: Helgi Guðbergsson

Starfssvið: Atvinnusjúkdómavarnir, starfsmannaheilsuvernd, umhverfis-sjúkdómavarnir og sóttvarnir.

Helstu tíðindi 2002

Á árinu var eftirfarandi starfsemi á deildinni

1. Heilsuvernd starfsmanna í fyrirtækjum og stofnunum.
2. Hóprannsóknir og áhættumat starfsgreina og vinnustaða.
3. Áhættumat einstaklinga m.t.t. starfs og læknisskoðun vegna atvinnuréttinda.
4. Greining atvinnusjúkdóma og umhverfissjúkdóma.
5. Ráðgjöf til starfsfólks heilsugæslu vegna sóttvarna, þ.m.t. vegna bólusetninga, ferðalaga o.s.frv.
6. Almenn upplýsinga- og fræðslu- og ráðgjafarstarfsemi um ofangreinda þætti.
7. Þátttaka í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum.

Skráð samskipti 2002

Eftirtaldar starfsgreinar og hópar (afrúnnaðar tölur) nutu þjónustu deildarinnar árið 2002 (sbr. lið lið 1 – 4 að ofan):

Slökkviliðsmenn	160
Starfsmenn líftæknifyrirtækja	450
Starfsmenn á tannlæknastofum, apótekum o.fl.	30
Starfsmenn í endurvinnslu, spilliefnum o.fl...	60
Starfsmenn hátæknifyrirtækja og fyrirtækja með mikil ferðalög til útlanda	40
Atvinnukafarar	20
Starfsmenn í ýmsum öðrum atvinnugreinum.	30
Samtals u.þ.b.	790

Ársverk 2002

Læknar	0.50
Ritarar	0.57
Meinataeknar	0.02
Ársverk alls.....	1.09

Rannsóknarstofa

Um deildina

Meinataeknir: Þórdís Þormóðsdóttir

Starfsvið: Rannsóknarstofan þjónar þessum deildum Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur: Miðstöð mæðraverndar, Miðstöð heilsuverndar barna, Lungna- og berklavarnadeild og Atvinnusjúkdómadeild.

Rannsóknir sem unnar eru á stofunni: Blóðhagur, sökk, deilitalning í blóðstroki, blóðsykurmælingar í háæðablóði, almenn skoðun og smásjárskoðun á þvagsýnum og þungunarpróf. Þá er blóð dregið, skilið niður og sent á aðrar rannsóknarstofur eftir þörfum. Einnig les meinataeknir af uricultræktunum úr þvagi á Miðstöð mæðraverndar.

Skráð samskipti ársins 2002

Fjöldi heimsókna á rannsóknarstofuna

Miðstöð mæðraverndar	4.762
Atvinnusjúkdómadeild	157
Lungna- og berklavarnadeild	577
Miðstöð Heilsuverndar barna.....	9
Annað	9

Samtals..... 5.514

Sýni, tekin og send annað 3.389

Ársverk 2002

Meinataeknar 1.10

Ársverk alls..... 1.10

Rekstraryfirlit Heilsuverndarstöðvar og stjórnsýslu

Tekjur

Seld þjónusta.....	12.538.727
Ýmsar tekjur.....	<u>19.632.506</u>
Tekjur alls	<u>32.171.233</u>

Gjöld

Launagjöld	350.698.688
Lyf og hjúkrunarvörur.....	5.907.588
Ferða-, flutningskostnaður og akstur	15.188.815
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	115.115.963
Húsnæðiskostnaður	9.397.710
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>22.118.285</u>
	518.427.049
Eignakaup	<u>6.165.299</u>
Gjöld alls	<u>524.592.348</u>

Miðstöð heimahjúkrunar

Grensásvegi 8, Reykjavík

Um miðstöðina

Forstöðumaður: Kristbjörg Þórðardóttir

Starfssvið: Heimahjúkrun

Þjónustusvæði: Reykjavík (ekki Kjalarnes) og Seltjarnarnes

Helstu tíðindi 2002

Miðstöð heimahjúkrunar tók til starfa 1. febrúar 2002.

Skipulögð heimahjúkrun í Reykjavík á sér langa sögu. Hjúkrun sjúkra í heimahúsum hófst á vegum Hjúkrunarfélagsins Líknar árið 1915 og var hún fyrsta verkefni þess. Starfsemin flutti svo í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 1. september 1955. Fyrst hét deildin Bæjarhjúkrun, svo Borgarhjúkrun og Heimahjúkrun frá árinu 1972. Þann 31. október 1999 fluttist öll heimahjúkrun út á heilsugæslustöðvarnar. Dagþjónusta heimahjúkrunar var reyndar að mestu leyti komin út á heilsugæslustöðvarnar.

Þetta fyrirkomulag gaf ekki nógu góða raun og því var ákveðið að flytja heimahjúkun aftur á einn stað og varð húsnæði við Grensásveg fyrir valinu. Yfirumsjón með undirbúningi að stofnun miðstöðvarinnar hafði Kristbjörg Þórðardóttir forstöðumaður. Fyrsta árið hefur áherslan verið lögð á nákvæmari skipulagninu starfsins og gerð verklagsreglna

Miðstöðin sér um dag-, kvöld-, helgar og næturþjónustu fyrir íbúa Reykjavíkur og Seltjarnarness sem þarfnast heimahjúkrunar. Þessu svæði er skipt í 5 hverfi og er hverfisstjóri yfir hverju hverfi.

Heilsugæslustöðvar í Kópavogi og Mosfellsumdæmi annast heimahjúkrun á sínu þjónustusvæði.

Markmið og hlutverk heimahjúkrunar

Markmið heimahjúkrunar

- að gera fólki kleift að dvelja heima við sem eðlilegastar aðstæður eins lengi og unnt er, þrátt fyrir sjúkdóma og/eða heilsubrest.
- að styrkja heilbrigði einstaklingsins og koma í veg fyrir sjúkdóma og slys, þannig að hver og einn nái að halda þeirri bestu heilsu sem möguleg er.
- að viðhalda andlegu og líkamlegu heilbrigði einstaklingsins og stuðla að félagslegri virkni með þátttöku aðstandenda, þar sem það á við.
- að hvetja einstaklinginn til sjálfshjálpar, með því að efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu hans.

Hlutverk heimahjúkrunar

- að halda utan um og hafa yfirsýn yfir þá þjónustu og meðferð sem einstaklingurinn fær í heimahúsi.
- að meta þörf fyrir heimahjúkrun og gera hjúkrunaráætlun.
- að skipuleggja, skrá og framfylgja þeirri hjúkrunaráætlun sem lögð er til grundvallar meðferð einstaklingsins.
- að fylgjast með og endurmeta árangur meðferðar.
- að sinna almennum og sérhæfðum hjúkrunarverkefnum.

Skráð samskipti ársins 2002

Fjöldi skjólstæðinga	1.710
Fjöldi vitjana	≈180.000

Ársverk 2002

Hjúkrunarfræðingar	21.66
Sjúkraliðar	39.73
Heilsugæslu- og móttökuritarar	1.94
Iðjuþjálfar	0.27
Ræstitæknar	0.29

Ársverk alls **63.89**

Rekstraryfirlit ársins 2002

Tekjur

Seld þjónusta	127.900
Ýmsar tekjur	<u>6.062.974</u>
Tekjur alls	6.190.874

Gjöld

Launagjöld	243.687.953
Lyf og hjúkrunarvörur	1.248.887
Starfstengdur kostnaður	57.278.258
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta	11.414.829
Húsnæðiskostnaður	2.070.163
Annar rekstrarkostnaður	<u>2.218.687</u>
	317.918.777
Eignakaup	<u>3.406.338</u>
Gjöld alls	321.325.115

Heilsugæslan Árbæ

Hraunbæ 102d - 102e, 110 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Gunnar Ingi Gunnarsson

Hjúkrunarforstjóri: Ingibjög Sigmundsdóttir

Skráðir skjólstæðingar í árslok 2002: 10.600

Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2002: 9.656

Þjónustusvæði: Árbær, Selás, Ártúnsholt og Grafarholt

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Selásskóli og Ingunnarskóli

Helstu tíðindi ársins 2002

Í apríl voru liðin 25 ár frá því heilsugæslustöðin í Árbæ tók til starfa - og þá sem fyrsta heilsugæslustöðin í Reykjavík. Á þessum tíma, það er árið 1977, þekktu fæstir Reykvíkingar heilsugæslustöðvar og þjónustu þeirra, af eigin raun. En víðast hvar í dreifbýlinu, hins vegar, hafði fólk þá þegar kynnst slíkum stöðvum, enda hafði uppbygging heilsugæslustöðva um allt land staðið yfir frá gildistöku nýrra laga um heilbrigðisþjónustu, frá árinu 1973.

Tilkoma þessarar fyrstu heilsugæslustöðvar í Reykjavík var í raun bylting. Fram að þeim tíma höfðu Reykvíkingar, til langs tíma, búið við allt annað og gjörólíkt kerfi, þar sem hvorir tveggja, lækna án sérnáms og lækna úr hinum ýmsu sérgreinum, létu skrá á sig ákveðinn fjölda einstaklinga eða “númera” með samningi við Sjúkrasamlag Reykjavíkur, sem var og hét. Þessir heimilislækna veittu flestir hverjir skjólstæðingunum sínum afar persónulega þjónustu, ýmist á læknastofum sínum eða í vitjunum, sem þá voru ansi tíðar. Leifar þessa gamla “númerakerfis” heimilislækninga er enn að finna í Reykjavík og er það nú rekið á vegum Tryggingastofnunar ríkisins. Fyrsti læknir heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ, Þorvarður Brynjólfsson, kom raunar til starfa í Árbæ úr þessu gamla kerfi og þannig tók Þorvarður með sér töluverðan “hala” af fyrrum skjólstæðingum, þegar hann var skipaður læknir á stöðina. Þannig tengdist Árbæjarstöðin, frá byrjun, fjölda íbúa hinna ýmsu borgarhluta og eru mörg þessara gömlu tengsla enn til staðar.

Í öll þau viðburðarríku og jafnframt gæfusömu 25 ár, sem stöðin í Árbæ hefur starfað, hefur aðalsmerki hennar verið sérstaklega góður vinnumóráll. Árbæjarstöðin hefur nefnilega verið svo heppin, að fá til starfa frábært fólk í öll skiprúm og jafnframt fengið að halda sínu fólki lengi og vel. Þetta aðalsmerki hefur verið stöðinni mjög dýrmætt, því það er einmitt það, sem hefur gert mannskapnum fært að þola oft á tíðum slítandi vinnuálag og allt of þröngan húsakost í öll þessi ár. (GIG)

Á árinu hófst þróun á heilsuvernd aldraðra sem hefur ma falið í sér móttöku hjúkrunarfræðings vikulega á félagsmiðstöðinni Hraunbæ 105.

Skráð samskipti ársins 2002

Komur til lækna	10.859
Komur til hjúkrunarfræðinga	4.874
Símaviðtöl við lækna	7.464
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	1.071
Vitjanir lækna.....	29
Vitjanir í ungbarnavernd	613
Komur í ungbarnavernd	1.811
Komur í mæðravernd	238
Vitjanir í heimahjúkrun.....	292*

*Öll heimahjúkrun flutt á Miðstöð heimahjúkrunar 1. feb. 2002

Ársverk 2002

Heilsugæslulæknar	5.63
Hjúkrunarfræðingar.....	7.87
Heilsugæslu- og móttökuritarar	5.90
Meinataeknar	0.80
Ræstitæknar.....	0.85
Ársverk alls.....	21.05

Rekstraryfirlit ársins 2002

Tekjur

Seld þjónusta.....	8.777.624
Ýmsar tekjur.....	85.245
Tekjur alls	8.862.869

Gjöld

Launagjöld	87.553.359
Lyf og hjúkrunarvörur.....	2.821.619
Starfstengdur kostnaður	4.048.042
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	10.659.146
Húsnæðiskostnaður	1.274.752
Annar rekstrarkostnaður.....	2.251.970
	108.608.888
Eignakaup	89.993
Gjöld alls	108.698.881

Heilsugæslan Efra-Breiðholti

Hraunbergi 6, 111 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Gerður Jónsdóttir

Hjúkrunarforstjóri: Hanna María Kristjónsdóttir

Skráðir skjólstæðingar í árslok 2002: 11.000

Íbúafjöldi á þjónustuvæði 1. desember 2002: 9.200

Fjöldi skjólstæðinga utan þjónustuvæðis: 6.000

Þjónustuvæði: Efra Breiðholt

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Fellaskóli, Hólabrekkuskóli og Waldorfskólinn Sólstafr

Helstu tíðindi 2002

Hjúkrunarfræðingar Heilsugæslunnar í Efra Breiðholti tóku virkan þátt í rannsókninni “Andleg vanlíðan eftir barnsburð: Hefur stuðningsmeðferð hjúkrunarfræðinga áhrif”. Rannsóknin var samvinnuverkefni hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands og Heilsugæslunnar í Reykjavík. Rannsóknafélagið tók eitt ár frá 1. október 2001 til 30. september 2002.

Teiknuð var ný aðstaða í afgreiðslu og hjá lækna riturum til að mæta þörfum um breytt vinnufyrirkomulag. Þar sem kostnaður við teiknivinnuna fór fram úr áætlun hefur framkvæmdum ekki verið hrint af stað. Nýtt símkerfi var tekið í notkun í lok júlí.

Verklagsreglur varðandi mæðraeftirlit voru endurunnar á árinu.

Læknir og hjúkrunarfræðingur Hólabrekkuskóla tóku upp nýtt verkefni í Kynfræðslu fyrir nemendur í 10.bekk. Hver bekkur fær tvær kennslustundir. Í fyrri tímanum fjallar læknirinn um siðfræði kynlífsins og í seinni tímanum fjallar hjúkrunarfræðingurinn um kynsjúkdóma. U.þ.b.viku fyrir tímana setja þau fram kassa þar sem nemendur geta sett nafnlausar spurningar og er þeim svarað í tímunum.

Skráð samskipti ársins 2002

Komur til lækna	15.494
Komur til hjúkrunarfræðinga	2.399
Símaviðtöl við lækna	14.942
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	6.566
Vitjanir lækna.....	79
Vitjanir í ungbarnavernd	437
Komur í ungbarnavernd	2.105
Komur í mæðravernd	832
Vitjanir í heimahjúkrun.....	321*

*Öll heimahjúkrun flutt á Miðstöð heimahjúkrunar 1. feb. 2002

Ársverk 2002

Heilsugæslulæknar	7.66
Hjúkrunarfræðingar.....	6.52
Ljósmæður	1.62
Sjúkraliðar.....	0.04
Heilsugæslu- og móttökuritarar	6.22
Meinatæknar	0.75
Ræstitæknar.....	1.39
Ársverk alls.....	24.20

Rekstraryfirlit ársins 2002

Tekjur

Seld þjónusta.....	10.480.016
Ýmsar tekjur.....	252.923
Tekjur alls	10.732.939

Gjöld

Launagjöld	105.713.023
Lyf og hjúkrunarvörur.....	2.987.486
Starfstengdur kostnaður	4.580.848
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	18.202.774
Húsnæðiskostnaður	2.062.340
Annar rekstrarkostnaður.....	2.316.949
	135.863.420
Eignakaup	824.114
Gjöld alls	136.687.534

Heilsugæslan Efstaleiti

Efstaleiti 3, 103 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Gunnar Helgi Guðmundsson

Hjúkrunarforstjóri: Guðbjörg Guðbergsdóttir

Skráðir skjólstæðingar í árslok 2002: 7.800

Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2002: 11.026

Þjónustusvæði: Fossvogshverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Fossvogsskóli, Hvassaleitisskóli, Breiðagerðisskóli og Réttarholtsskóli

Helstu tíðindi 2002

Í mars 2002 hófst samstarfsverkefni lækna, hjúkrunarfræðinga og lækna-ritara um heilsuvernd aldraðra. Send voru bréf til allra skjólstæðinga hverfisins sem voru orðnir 60 ára eða eldri og þeim boðin lungnaból-gubólusetning. Tilefnið var notað til heilsuverndarátaks og skimunar á vissum þáttum forvarna og heilsuverndar.

Bólusetningarátak hófst á vegum Landlæknisembættisins gegn meningo-kokkum C á börnum frá 6 mánaða til 18 ára aldurs. Að þessu stóðu hjúkrunarfræðingar, sjúkraliði, ritarar og lækna- stöðvarinnar.

Heilbrigðisráðuneytið gaf út reglugerð er fól í sér niðurfellingu á tíundarstjóði heilsugæslustöðvanna

Heimsóknir á stöðina:

15.02 Heimsókn frá Båstad och Förslöv Vårdcentral, Svíþjóð, 23 manns

03.04 Sjúkraliðanemar frá Fjölbrautaskólanum Ármúla, 11 manns

13.05 Fyrirlestur Ölmú Eirar Svavarsdóttur fyrir sænska heimilislækna

13.09 Heimsókn 30 lækna og síðan var sænskur lækni með einum af læknum stöðvarinnar í móttöku fram að hádegi

Skráð samskipti ársins 2002

Komur til lækna	13.324
Komur til hjúkrunarfræðinga	2.261
Símaviðtöl við lækna	3.877
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	6.261
Vitjanir lækna.....	21
Vitjanir í ungbarnavernd.....	309
Komur í ungbarnavernd	1.284
Komur í mæðravernd	424
Vitjanir í heimahjúkrun.....	2.707*

*Öll heimahjúkrun flutt á Miðstöð heimahjúkrunar 1. feb. 2002

Ársverk 2002

Heilsugæslulæknar	7.43
Aðrir læknar	0.04
Hjúkrunarfræðingar.....	7.18
Sjúkraliðar.....	1.08
Heilsugæslu- og móttökuritarar	5.71
Ræstitæknar.....	1.23
Ársverk alls.....	22.67

Rekstraryfirlit ársins 2002

Tekjur

Seld þjónusta.....	6.947.353
Ýmsar tekjur.....	<u>60.816</u>
Tekjur alls	<u>7.008.169</u>

Gjöld

Launagjöld	97.448.547
Lyf og hjúkrunarvörur.....	588.770
Starfstengdur kostnaður	4.523.550
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	13.162.822
Húsnæðiskostnaður	2.210.970
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>2.642.812</u>
	120.577.471
Eignakaup	<u>386.495</u>
Gjöld alls	<u>120.963.966</u>

Heilsugæslan Grafarvogi

Spönginni 35, 112 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Atli Árnason

Hjúkrunarforstjóri: Sigríður Brynja Sigurðardóttir

Skráðir skjólstæðingar í árslok 2002: 12.500

Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2002: 17.902

Fjöldi skjólstæðinga utan þjónustusvæðis: 2.000

Þjónustusvæði: Grafarvogshverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Borgaskóli, Engjaskóli, Foldaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli, Korpuskóli, Rimaskóli og Víkurskóli

Helstu tíðindi 2002

Nýtt húsnæði fyrir stöðina var formlega vígt 22. febrúar en byrjað var að taka á móti sjúklingum þ. 18. febrúar, en þá var starfsemin flutt frá Hverafold 1-3 þar sem hún hafði verið til húsa síðan 1992. Húsnæðið í Hverafold var frá upphafi til bráðabirgða og var mjög þröngt. Þegar það var tekið í notkun bjuggu um 6.000 manns í hverfinu en eru nú um 18.000. Í upphafi voru tveir lækna- og stöðir en eru nú 7.

Nýja húsnæðið er hannað eftir forsögn sem unnin var af yfirlækni og þáverandi hjúkrunarforstjóra, Margréti Svane, í samvinnu við starfsfólk stöðvarinnar. Egill Guðmundsson arkitekt vann með starfsfólkinu að forsögninni en Hrafnkell Thorlacius arkitekt teiknaði húsið endanlega.

Meginþemað var stuttar samgönguleiðir innan stöðvarinnar með miðstöð í móttökunni. Grunnhugmyndin að stöðinni samanstendur af tveimur lækna- stofum og einu herbergi hjúkrunarfræðinga á milli með aðstöðu fyrir tvo hjúkrunarfræðinga. Þeir mynda saman einingu sem þjónar ákveðnum sjúklingahópi. Stöðin er á tveimur hæðum en öll sjúklingamóttaka á sér stað á neðri hæðinni.

Í lok ársins fór starfsfólk heilsugæslunnar í náms og kynningarferð til Svíþjóðar í tilefni af 10 ára afmæli stöðvarinnar.

Skráð samskipti 2002

Komur til lækna	18.543
Komur til hjúkrunarfræðinga	5.009
Símavíðtöl við lækna	13.189
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	4.415
Vitjanir lækna.....	29
Vitjanir í ungbarnavernd	845
Komur í ungbarnavernd	4.217
Komur í mæðravernd	1.192
Vitjanir í heimahjúkrun.....	188*

*Öll heimahjúkrun flutt á Miðstöð heimahjúkrunar 1. feb. 2002

Ársverk 2002

Heilsugæslulæknar	7.58
Hjúkrunarfræðingar.....	10.33
Ljósmæður	0.60
Sjúkraliðar.....	0.84
Heilsugæslu- og móttökuritarar	8.33
Ræstitæknar.....	1.93
Ársverk alls.....	29.90

Rekstraryfirlit 2002

Tekjur

Seld þjónusta.....	10.788.458
Ýmsar tekjur.....	<u>3.815.810</u>
Tekjur alls	<u>14.604.268</u>

Gjöld

Launagjöld	124.981.196
Lyf og hjúkrunarvörur.....	3.144.903
Starfstengdur kostnaður	4.944.697
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	27.753.823
Húsnæðiskostnaður	24.831.362
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>4.336.118</u>
	189.992.099
Eignakaup	<u>312.069</u>
Gjöld alls	<u>190.304.168</u>

Heilsugæslan Hlíðum

Drápuhlíð 14 - 16, 105 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Steinunn Jónsdóttir (til 31/5), Stefán Finnson (frá 1/6)

Hjúkrunarforstjóri: Þórunn Benediktsdóttir

Skráðir skjólstæðingar í árslok 2002: 8.806

Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2002: 10.998

Þjónustusvæðið: Svæðið milli Snorrabrautar og Kringlumýrarbrautar.

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Hlíðaskóli, Háteigsskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðarskóli, Öskjuhlíðarskóli, Einholtsskóli, Hlíðarhúsaskóli. Stöðin sinnir einnig Vesturhlíðarskóla og Menntaskólanum í Hamrahlíð.

Helstu verkefni 2002

Ný deild leit dagsins ljós á árinu, heilsuvernd aldraðra en stór hluti þeirra sem leita til stöðvarinnar eru aldraðir. Deildin tók til starfa í kjölfar flutnings heimahjúkrunar frá stöðinni.

Læknastöður voru ekki fullmannaðar á árinu og olli það erfiðleikum og miklu álagi eftir að Steinunn Jónsdóttir yfirlæknir hætti 1. júní og Eyjólfur Guðmundsson fór í nokkura mánaða leyfi 1. nóvember. Ef afköst eru skoðuð sést að lækarnir gerðu betur en að halda í horfinu og er það afrek útaf fyrir sig. Talsverðar umræður fóru fram meðal læknanna um innra starf og skipulag vinnunnar og í framhaldinu voru gerðar vissar breytingar á vinnutilhögun sem vonandi koma öllu starfsfólki og viðskiptavinum til góða. Stöður hjúkrunarfræðinga voru ekki fullskipaðar á árinu og hafa ekki verið síðan árið 1999.

Flestir starfsmenn fóru í fræðsluferð til Írlands. Skoðuð var Heilsugæslustöð í útjaðri Dyflinnar í Brookfield.

Ekki bólar á lyftunni né öðrum endurbótum á húsnæðinu. Stjórnendur stöðvarinnar eru á þeirri skoðun að til greina kæmi að að setjast að á einni rúmgóðri hæð í hverfinu með betra aðgengi en nú er og möguleikum á stækkun. Byggingafulltrúi í Heilbrigðisráðuneytinu lagði frekar áherslu á að endurbætur yrðu gerðar á núverandi húsnæði þ.á.m. lyftuúsetning. Unnið verður eftir þeirri áætlun.

Skráð samskipti ársins 2002

Komur til lækna	11.550
Komur til hjúkrunarfræðinga	4.548
Símaviðtöl við lækna	8.442
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	970
Vitjanir lækna.....	106
Vitjanir í ungbarnavernd.....	223
Komur í ungbarnavernd	1.674
Komur í mæðravernd	634
Vitjanir í heimahjúkrun.....	2.102*

*Öll heimahjúkrun flutt á Miðstöð heimahjúkrunar 1. feb. 2002

Ársverk 2002

Heilsugæslulæknar	5.08
Aðrir læknar	0.03
Hjúkrunarfræðingar.....	6.39
Ljósmeður	0.51
Sjúkraliðar.....	0.04
Heilsugæslu- og móttökuritarar	4.79
Ræstitæknar.....	1.10
Ársverk alls.....	17.94

Rekstraryfirlit ársins 2002

Tekjur

Seld þjónusta.....	7.981.446
Ýmsar tekjur.....	<u>2.664.312</u>
Tekjur alls	<u>10.645.758</u>

Gjöld

Launagjöld	79.271.306
Lyf og hjúkrunarvörur.....	2.104.096
Starfstengdur kostnaður	4.112.914
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	19.292.705
Húsnæðiskostnaður	1.069.809
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>2.302.177</u>
	108.153.007
Eignakaup	<u>721.838</u>
Gjöld alls	<u>108.874.845</u>

Heilsugæslan Miðbæ

Vesturgötu 7, 101 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Margrét Georgsdóttir

Hjúkrunarforstjóri: Kristbjörg Þórðardóttir (í launalausú leyfi allt árið, Guðbjörg Ögmundsdóttir leysti hana af)

Skráðir skjólstaðingar í árslok 2002: 9.500

Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2002: 13.309

Þjónustusvæði: "Gamli miðbærinn" vestan Snorrabrautar og norðan Hringbrautar

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Austurbæjarskóli, Vesturbæjarskóli, Tjarnarskóli og Landakotsskóli.

Helstu tíðindi 2002

Mikil hreyfing er á íbúum þjónustusvæðisins en margir vilja ekki skipta um lækni og fara af stöðinni þó þeir flytji í önnur hverfi. Snemma á árinu var meiri hluta sjúklinga sem búa utan Reykjavíkur sagt upp lækni á stöðinni og einnig íbúum úr Grafarvogi og Fossvogi þar sem nýlega hafa verið byggðar heilsugæslustöðvar. Enn hefur ekki verið hægt að skrá nýja sjúklinga vegna yfirbókana á alla lækna stöðvarinnar en biðlisti er komin í gang og verður skráð af honum um leið og rými skapast.

Mikill fjöldi þjónustuega stöðvarinnar er eldra fólk og fer samskiptum við þennan hóp fjölgandi, en þau eru oft seinunnin og oft verið að leysa mörg vandamál í hverri komu. Samkvæmt tölvuskráningu eru 25.0% allra samskipta við skjólstaðinga 67 ára og eldri en þeir eru 12.3% skráðra.

Starfrækt var vikuleg unglíngamóttaka frá 1. október.

Skráð samskipti ársins 2002

Komur til lækna	12.157
Komur til hjúkrunarfræðinga	3.441
Símaviðtöl við lækna	8.715
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	7
Vitjanir lækna.....	34
Vitjanir í ungbarnavernd	333
Komur í ungbarnavernd	1.257
Komur í mæðravernd	179
Vitjanir í heimahjúkrun.....	925*

*Öll heimahjúkrun flutt á Miðstöð heimahjúkrunar 1. feb. 2002

Ársverk 2002

Heilsugæslulæknar	5.34
Hjúkrunarfræðingar.....	4.71
Heilsugæslu- og móttökuritarar	5.50
Ræstitæknar.....	0.75
Ársverk alls.....	16.30

Rekstraryfirlit ársins 2002

Tekjur

Seld þjónusta.....	8.218.924
Ýmsar tekjur.....	<u>142.578</u>
Tekjur alls	<u>8.361.502</u>

Gjöld

Launagjöld	74.271.770
Lyf og hjúkrunarvörur.....	1.047.372
Starfstengdur kostnaður	2.440.687
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	15.936.559
Húsnæðiskostnaður	1.331.599
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>1.599.352</u>
	96.627.339
Eignakaup	<u>148.676</u>
Gjöld alls	<u>96.776.015</u>

Heilsugæslan Mjódd

Pönglabakka 6, 109 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Samúel J. Samúelsson (í leyfi til 31/10, Birgir Guðjónsson leysti hann af)

Hjúkrunarforstjóri: Matthea G. Ólafsdóttir

Skráðir skjólstaðingar í árslok 2002: 12.000

Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2002: 12.424

Fjöldi skjólstaðinga utan þjónustusvæðis: 6.000

Þjónustusvæði: Neðra Breiðholt

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Breiðholtsskóli, Seljaskóli og Ölduselsskóli

Helstu tíðindi 2002

Starf skólahjúkrunarfræðinga hefur verið blómlegt og öll samskipti og samstarf skóla og heilsugæslu með ágætum. Fyrsti fundur skólastjórnenda hverfisins, skólahjúkrunarfræðinga og yfirmanna heilsugæslunnar var haldinn í vor og tókst mjög vel.

Þegar heimahjúkrun flutti frá okkur til Miðstöðvar Heimahjúkrunar, varð sjúkraliði í 80% stöðu eftir og hann ásamt hjúkrunarfræðingi byrjuðu með móttöku fyrir aldraðra og er hún framkvæmd með opnum tíma kl: 13-14.30. einu sinni í viku, annað hvort hér á stöðinni eða í Félagsmiðstöð Árskógum.

Byrjað var með unglíngamóttöku 1. október og er opið 1 klst. í viku. Hjúkrunarfræðingar hafa séð um móttökuna og lítið samstarf náðst við lækna og því hefur starfsemin lítið verið auglýst og lítið sótt.

Nemum frá H.Í. hefur verið sinnt eins og verið hefur en okkur til mikillar ánægju hafa nemar verið hér frá Akureyri, bæði hjúkrunarfræðinemar og iðjuþjálfanemar.

Iðjuþjálfari er starfandi hér eins og verið hefur undanfarið.

Skráð samskipti ársins 2002

Komur til lækna	12.004
Komur til hjúkrunarfræðinga	3.265
Símaviðtöl við lækna	13.092
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	1.010
Vitjanir lækna.....	19
Vitjanir í ungbarnavernd	265
Komur í ungbarnavernd	2.343
Komur í mæðravernd	740
Vitjanir í heimahjúkrun.....	546*

*Öll heimahjúkrun flutt á Miðstöð heimahjúkrunar 1. feb. 2002

Ársverk 2002

Heilsugæslulæknar	6.54
Hjúkrunarfræðingar.....	5.80
Ljósmæður	1.00
Sjúkraliðar.....	0.37
Heilsugæslu- og móttökuritarar	6.38
Ræstitæknar.....	1.09
Ársverk alls.....	21.18

Rekstraryfirlit ársins 2002

Tekjur

Seld þjónusta.....	7.446.551
Ýmsar tekjur.....	<u>102.434</u>
Tekjur alls	<u>7.548.985</u>

Gjöld

Launagjöld	92.433.610
Lyf og hjúkrunarvörur.....	(78.297)
Starfstengdur kostnaður	4.344.845
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	18.364.843
Húsnæðiskostnaður	1.766.047
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>2.366.713</u>
	119.197.761
Eignakaup	<u>423.475</u>
Gjöld alls	<u>119.621.236</u>

Heilsugæslan Kópavogi

Um Heilsugæsluna í Kópavogi

Heilsugæslan Kópavogi er samrekin frá tveimur húsum Borgum, Fannborg 7-9 og Hvammi, Hagasmára 5.

Heilsugæslan hefur séð um rekstur Heilsugæslunnar í Kópavogi síðan vorið 2000.

Hjúkrunarforstjóri: Sigríður A. Pálmadóttir

Íbúafjöldi á þjónustuvæði 1. desember 2002: 24.950

Skólar í umsjón heilsugæslustöðvanna: Digranesskóli, Hjallaskóli, Kársnesskóli, Kópavogsskóli, Lindaskóli, Salaskóli, Smáraskóli, Snælandsskóli, Waldorfsskólinn í Lækjarbotnum og Menntaskólinn í Kópavogi.

Nemendafjöldi í grunnskólum: 3.766

Heilsugæslan Kópavogi - Borgir

Fannborg 7-9, 200 Kópavogi

Yfirlæknir: Kristjana Kjartansdóttir

Þjónustuvæði: Kópavogur vestan Digranesvegur að Bröttubrekku, norðan Fífuhamms- og Nýbýlavegar.

Heilsugæslan Kópavogi - Hvammur

Hagasmára 5, 200 Kópavogi

Yfirlæknir: Sigurður V. Guðjónsson

Þjónustuvæði: Kópavogur austan Digranesvegur og Bröttubrekku, sunnan Kópavogslækjar (Fífuhamms) og sunnan Nýbýlavegar (með Hólum).

Helstu tíðindi ársins 2002

Árið 2002 einkenndist af aukinni starfsemi og mest var aukningin í mæðra- og ungbarnavernd auk skólaheilsugæslu. Hjúkrunarfræðingur byrjaði fasta viðveru í Menntaskólanum í Kópavogi með aðstoð Soroptimista í Kópavogi sem greiða helming af viðverutíma hjúkrunarfræðingsins.

Móttaka fyrir ungt fólk byrjaði í mars en þá hafði undirbúningur staðið yfir í rúmt ár. Þar hefur einnig orðið töluverð fjölgun samskipta. Tekið var upp formlegt samstarf ungbarnaverndar við leikskóla Kópavogs en byrjun þess má rekja til samstarfsverkefnisins “Heilsuefning í skólum” sem Landlæknisembættið, Menntamálaráðuneytið og Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stóðu fyrir og Heilsugæslan í Kópavogi var þátttakandi í. Einnig leit dagsins ljós samstarfsverkefni Heilsugæslunnar og Félagsþjónustunnar í Kópavogi og hlaut það nafnið Spor og eru hugmyndir að frekara samstarfi milli þessara tveggja stofnana. Málstofa með hinni hollensku Marte Meó var haldin 21. maí 2002 í beinu framhaldi af þessari vinnu.

Stjórn heilsugæslunnar varð óvirk frá kosningum þar sem ráðherra skipaði ekki nýtt fólk í stjórn og síðan var hún aflögð með öllu í kjölfar reglugerðarbreytinga.

Skráð samskipti ársins 2002

Komur til lækna	29.169
Komur til hjúkrunarfræðinga	7.470
Símaviðtöl við lækna	20.827
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	10.262
Vitjanir lækna.....	144
Vitjanir í ungbarnavernd	1.206
Komur í ungbarnavernd	5.664
Komur í mæðravernd	2.125
Vitjanir í heimahjúkrun.....	27.694

Ársverk 2002

Heilsugæslulæknar	11.28
Aðrir læknar	0.50
Hjúkrunarfræðingar.....	22.13
Ljósmaður	2.00
Sjúkraliðar.....	7.25
Heilsugæslu- og móttökuritarar og aðrir.....	13.85
Meinataeknar	1.40
Ársverk alls.....	58.41

Rekstraryfirlit ársins 2002

Tekjur

Seld þjónusta.....	19.647.303
Ýmsar tekjur.....	2.011.034
Tekjur alls	21.658.337

Gjöld

Launagjöld	242.258.507
Lyf og hjúkrunarvörur.....	6.431.592
Starfstengdur kostnaður	16.744.597
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	36.353.013
Húsnæðiskostnaður	12.187.374
Annar rekstrarkostnaður.....	5.850.055
	319.825.138
Eignakaup	1.969.250
Gjöld alls	321.794.388

Heilsugæsla Mosfellsumdæmis

Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ

Um heilsugæslustöðina

Heilsugæslan hefur séð um rekstur Heilsugæslu Mosfellsumdæmis síðan vorið 1999

Yfirlæknir: Þengill Oddsson

Hjúkrunarforstjóri: Sigrún Gunnarsdóttir

Skráðir skjólstæðingar í árslok 2002: 8.740

Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2002: 7.356

Þjónustusvæði: Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjós og Þingvallasveit.

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Lágafellsskóli, Varmárskóli, Klébergsskóli (Kjalarnes) og Ásgarðsskóli (Kjós)

Helstu tíðindi 2002

Unglingamóttaka var opnuð í september 2002.

Á árinu hófst II. hluti rannsóknarinnar "Andleg vanlíðan kvenna eftir barnsburð: hefur stuðningsmeðferð hjúkrunarfræðinga áhrif?" Aftur tóku fjórir hjúkrunarfræðingar þátt en stöðin var nú tilraunastöð. Rannsakendur voru Dr. Marga Thome og fleiri.

Starfsmenn fóru og heimsóttu Heilsugæslustöðina á Akureyri.

Skráð samskipti ársins 2002

Komur til lækna	19.859
Komur til hjúkrunarfræðinga	2.229
Símaviðtöl við lækna	≈17.000
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	*
Vitjanir lækna.....	*
Vitjanir í ungbarnavernd	480
Komur í ungbarnavernd	1.653
Komur í mæðravernd	650
Vitjanir í heimahjúkrun	2.183
Komur á rannsóknarstofu.....	2.163

*Upplýsingar vantar

Ársverk 2002

Heilsugæslulæknar	6.56
Hjúkrunarfræðingar.....	5.21
Ljósmæður	0.60
Sjúkraliðar.....	0.51
Heilsugæslu- og móttökuritarar og aðrir.....	5.27
Ársverk alls.....	18.65

Rekstraryfirlit ársins 2002

Tekjur

Seld þjónusta.....	8.612.765
Ýmsar tekjur.....	<u>655.374</u>
Tekjur alls	<u>9.268.139</u>

Gjöld

Launagjöld	94.607.289
Lyf og hjúkrunarvörur.....	2.589.548
Starfstengdur kostnaður	3.756.232
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	13.096.983
Húsnæðiskostnaður	9.797.122
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>2.530.930</u>
	126.378.104
Eignakaup	<u>262.479</u>
Gjöld alls	<u>126.640.583</u>

Heilsugæslan Seltjarnarnesi

við Suðurströnd, 170 Seltjarnarnesi

Um heilsugæslustöðina

Heilsugæslan hefur séð um rekstur Heilsugæslunnar á Seltjarnarnesi síðan í október 1999

Yfirlæknir: Sigríður Dóra Magnúsdóttir

Hjúkrunarforstjóri: Ágústa Dúa Jónsdóttir

Skráðir skjólstaðingar í árslok 2002: 14.301

Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2002: 15.330

Þjónustusvæði: Seltjarnarnes og vesturbær Reykjavíkur sunnan Hringbrautar, þar með talið háskólahverfi og Skerjafjörður.

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Hagaskóli, Valhúsaskóli, Mýrarhúsaskóli, Grandaskóli og Melaskóli

Helstu tíðindi ársins 2002

Ekki hefur enn verið gengið formlega frá breyttu stjórnskipulagi Heilsugæslunnar á Seltjarnarnesi þar sem ekki hefur verið gefin út reglugerð þar að lútandi. Að nafninu til var stjórn við Heilsugæsluna Seltjarnarnesi fyrri part árs 2002 en ný stjórn var ekki skipuð eftir bæjarstjórnarkosningar í maí 2002 og fyrrverandi stjórn kom aldrei saman á árinu.

Þann 10. maí 2002 voru 20 ár frá því fyrsti hluti stöðvarinnar var tekinn í notkun en húsnæði stöðvarinnar var allt tekið í notkun árið 1991. Starfsfólk fagnaði þessum áfanga með ýmsum hætti. Starfsfólk og makar fóru út í Viðey í byrjun júní og áttu þar góðan dag. Samin voru kynningarspjöld um ýmsa þætti starfsemi stöðvarinnar og voru spjöldin hengd upp á göngum stöðvarinnar í lok ársins. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til með spjöldin sem hafa vakið verðskuldaða athygli gesta.

Heilsugæslustöðin var máluð að innan á árinu, þ.e. móttökueiningar, kaffistofa, salerni og fordyri. Gólf voru einnig bónuð um sumarið. Loft voru þrífín en mikið ryk og óþrif safnast á hin opnu loft sem eru í húsinu.

Aðgengi að stöðinni batnaði nokkuð þegar aðkeyrsla að Valhúsaskóla frá Suðurströnd var lokuð og hringtorg fyrir utan heilsugæsluna var lagað. Umferð um bílastæði vestan við stöðina hefur því minnkað og auðveldara er með bílastæði við heilsugæslustöðina.

Gagnagrunnur tölvukerfis stöðvarinnar var færður á Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg og er umsjón með tölvukerfinu nú í höndum upplýsingatæknisviðs Heilsugæslunnar.

Skráð samskipti ársins 2002

Komur til lækna	22.984
Komur til hjúkrunarfræðinga	6.147
Símaviðtöl við lækna	18.566
Símtöl við hjúkrunarfræðinga	2.622
Vitjanir lækna.....	110
Vitjanir í ungbarnavernd	731
Komur í ungbarnavernd	2.817
Komur í mæðravernd	902
Vitjanir í heimahjúkrun.....	1.006*

*Öll heimahjúkrun flutt á Miðstöð heimahjúkrunar 1. feb. 2002

Ársverk 2002

Heilsugæslulæknar	9.81
Hjúkrunarfræðingar.....	8.42
Heilsugæslu- og móttökuritarar	6.08
Ræstitæknar.....	1.68
Ársverk alls.....	25.99

Rekstraryfirlit ársins 2002

Tekjur

Seld þjónusta.....	14.637.090
Ýmsar tekjur.....	<u>554.952</u>
Tekjur alls	<u>15.192.042</u>

Gjöld

Launagjöld	122.909.599
Lyf og hjúkrunarvörur.....	3.021.338
Starfstengdur kostnaður	6.305.277
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	24.066.418
Húsnæðiskostnaður	3.827.227
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>2.874.341</u>
	163.004.200
Eignakaup	<u>25.579</u>
Gjöld alls	<u>163.029.779</u>

Heilsugæslan Lágmúla

Lágmúla 4, 108 Reykjavík

Um heilsugæslustöðina

Yfirlæknir: Ólafur Mixa

Hjúkrunarforstjórar: Kristín Axelsdóttir og Steinunn Kristinsdóttir

Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2002: 6.948

Þjónustusvæði: Laugarnes- og Múlahverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Álftamýrarskóli, Laugalækjarskóli og Laugarnesskóli

Heilsugæslan í Lágmúla er einkarekin, og er starfrækt samkvæmt sérstökum samningi við Heilsugæsluna. Þessvegna eru hér ekki upplýsingar um ársverk, skráð samskipti og rekstur þessarar heilsugæslustöðvar.